

---

# SÓKNARÁÆTLUN FYRIR NORÐURLAND EYSTRA 2015-2019

---

# Sóknaráætlun Norðurlands eystra

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Framtíðarsýn og leiðarljós .....	3
Framtíðarsýn árið 2025 .....	3
Leiðarljós í menningu: .....	3
Leiðarljós í ferðaþjónustu .....	3
Leiðarljós fyrir nýsköpun og atvinnuþróun .....	3
Leiðarljós varðandi mannauð .....	3
Leiðarljós fyrir lýðfræðilega þróun svæðisins.....	3
Staða landshlutans árið 2015 .....	4
Staða atvinnuþróunar og nýsköpunar .....	7
Staða ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra.....	8
Staða menningar .....	8
Staða mannauðs og lýðfræðileg þróun .....	10
Stefna og megináherslur .....	11
Stærstu hagsmunamál landshlutans í heild .....	12
Menntun og mannauður .....	12
Atvinnuþróun og nýsköpun .....	12
Ferðaþjónustan .....	12
Menning .....	12
Markmið og aðgerðir.....	13
Menningarmál .....	13
Atvinna og nýsköpun .....	13
Ferðaþjónusta.....	15
Menntun og mannauður .....	15
Lokaorð.....	16

## Inngangur

Í febrúar 2015 var undirritaður samningur milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis annars vegar og Eyþings hins vegar um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 – 2019. Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landsins alls. Sóknaráætlun landshlutans miðar að því að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála byggji á svæðisbundnum áherslum og markmiðum. Í þessu felst að forgangsroðun verkefna skal taka mið af sóknaráætlun landshlutans sem gerð er til fimm ára. Hægt er að uppfæra áætlunina innan tímabilsins. Uppbyggingarsjóður landshlutans hefur verið settur á fót í samræmi við samninginn.

Sóknaráætlunin er þróunaráætlun eða stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið ásamt þeim leiðum sem menn vilja fara að þeim. Í samningnum er kveðið á um að áætlunin skuli að lágmarki marka stefnu landshlutans í eftirfarandi málaflokkum:

- Menningarmálum.
- Nýsköpun og atvinnuþróun.
- Uppbyggingu mannauðs.
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins.

Jafnframt er sóknaráætlun ætlað að taka til samstarfs við aðra landshluta þar sem um er að ræða skörun á atvinnu- og þjónustusóknarsvæðum. Vegna mikillar gerjunar og ört vaxandi umsvifa í ferðþjónustu var ákveðið að taka hana sérstakleg til umfjöllunar þó áformað hefði verið að greinin félli undir málaflokkinn nýsköpun og atvinnuþróun.

Í samningnum kemur fram að landshlutasamtökin skipi samráðsvettvang þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma ólíkra aðila og gætt að búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiðum. Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar. Gert er ráð fyrir að samráðsvettvangurinn komi saman a.m.k. árlega.

Ákveðið var að fara þá leið að halda fjóra svæðisfundi í landshlutanum. Fundirnir voru vandlega auglýstir og íbúar sérstaklega hvattir til þátttöku. Fundir voru haldnir á Raufarhöfn, Húsavík, Akureyri og Ólafsfirði. Fundirnir voru misfjölsóttir en tókust vel. Umræður voru líflegar og mikill efniviður frá fundunum sem unnið var úr. Athygli vakti hve megináherslur fundanna voru skýrar og áþekkar milli fundarstaða og þá um leið milli svæða.

Sú sóknaráætlun sem hér er kynnt byggir á samráði við íbúa landshlutans á þessum fjórum fundum. Áformað var að bæta um betur og kalla til stórs samráðsfundar þar sem fulltrúar væru sérstaklega valdir og unnið út frá niðurstöðum svæðafundanna fjögurra. Samráðsfundurinn hefur verið skilgreindur og telur nálægt 80 manns. Rík áhersla er m.a. á að ná til fulltrúa nemenda framhaldsskóla og háskóla. Að höfðu samráði við nokkra aðila var ákveðið að fresta því til haustsins að kalla samráðsvettvanginn saman. Megin ástæðan var sú að komið var fram á sumar og óraunhæft að ætla sér að ná viðunandi fjölda til fundar, ásamt því að gífurlegur efniviður lá fyrir sem afrakstur svæðafundanna. Í haust er áformað að dýpka umræðuna á vettvangi samráðsins, einkum og sér í lagi um leiðir til að ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir var fengin til að stýra svæðafundunum, en ásamt henni komu að framkvæmd fundanna formaður og starfsmenn Eyþings og fleiri stoðstofnana sveitarfélaga og atvinnulífs. Sömu aðilar hafa einnig komið að því að vinna úr efni sem kom frá fundunum. Umsjón með úrvinnslu og lokafrágangur var í höndum Albertínu og Péturs Þórs Jónassonar framkvæmdastjóra Eyþings.

## Framtíðarsýn og leiðarljós

### Framtíðarsýn árið 2025

Þegar horft er til framtíðar lýsum við þeirri sýn eða stöðu sem við sjáum fyrir okkur árið 2025. Sú sýn er eftirfarandi:

Norðurland eystra byggir á sterkum grunnstoðum og einkennist af fjölbreytni en um leið skarpri sýn á heildarhagsmuni landshlutans.

Á Norðurlandi eystra er samfélag sem byggir á samstarfi innan landshlutans og út fyrir landshlutann.

Á Norðurlandi eystra eru fjölbreyttir möguleikar til atvinnu og menntunar á öllum skólastigum ásamt drífandi og gróskumikilli menningu.

Á Norðurlandi eystra eru fjölbreyttir búsetumöguleikar, allt frá stóru þéttbýli til sveitar. Þar ríkir gagnkvæmur skilningur á mikilvægi samstöðu, þar sem allir eiga það sameiginlegt að geyma sterk tengsl við náttúru, menningu og mannauð.

Á Norðurlandi eystra eru bein og greið samskipti og samgöngur innan landshlutans og við umheiminn, bæði í fjarskiptum og með millilandaflugi.

Á Norðurlandi eystra er nægilegt aðgengi að orku fyrir atvinnulífið og framtíðarvöxt landshlutans.

### Leiðarljós í menningu:

Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina.

Á Norðurlandi eystra verði komið á vettvangi skapandi greina með áherslu á hönnun.

### Leiðarljós í ferðabjónustu:

Reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll – allt árið.

Öflug sameiginleg markaðssetning á Norðurlandi, fjölgun ferðamenna og jafnari dreifing þeirra milli landshluta og innan landshlutans.

### Leiðarljós fyrir nýsköpun og atvinnuþróun:

Til staðar verði atvinnutækifæri sem höfða til fólks á aldrinum 20-45 ára, með fjölbreyttan bakgrunn og menntun.

Öflugt nýsköpunarumhverfi samofið starfsemi háskóla með góðu aðgengi að fjármögnun, ráðgjöf og stuðningi við fyrirtæki og einstaklinga.

### Leiðarljós varðandi mannauð:

Iðandi mannlíf sem dregur að sér fjölbreyttan mannauð.

Fjölbreytt menntun á öllum skólastigum sem er lykill að öflugum samfélagi.

### Leiðarljós fyrir lýðfræðilega þróun svæðisins:

Lýðfræðileg samsetning landshlutans verði í samræmi við landsmeðaltal.

Svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta og nágrannalönd í vali ungs fólks á búsetu.

## Staða landshlutans árið 2015

Eins og áður sagði þá voru haldnir fjórir fundir vítt og breitt um landshlutann; Húsavík, Raufarhöfn, Ólafsfirði og Akureyri. Á fundunum var farið yfir núverandi stöðu landshlutans og horft til framtíðar. Til að meta núverandi stöðu var farið í svokallaða SVÓT greiningu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri voru skoðuð. Til að sjá þróun frá síðustu sóknaráætlun svæðisins og sömuleiðis til að ná fram nýjum punktum, var ákveðið að byggja á SVÓT greiningu sóknaráætlunar Eypings 2013. Þátttakendur voru beðnir um að taka út þá punkta sem þeir töldu ekki eiga lengur við og bæta við nýjum punktum eftir því sem við ætti. Fjölmargir punktar komu því út úr fundunum sem úrvinnsluhópur sóknaráætlunar fékk til að vinna úr og mynda eina heildstæða greiningu sem á við allt svæðið. Í vinnu hópsins voru jafnframt dregnir fram mikilvægustu áherslupunktur í hverjum flokki og eru þeir hér feitletraðir í **töflu 1**. Farið er sérstaklega yfir þessa áherslupunkta hér á eftir.

*Tafla 1 - SVÓT greining landshlutans 2015*

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Orkuauðlindir og möguleikar tengdir þeim</b></li> <li>• <b>Mikil reynsla í ferðaþjónustu.</b></li> <li>• <b>Gott aðgengi að menntun á öllum skólastigum</b></li> <li>• <b>Öflugt og fjölbreytt menningarlíf</b></li> <li>• <b>Vöxtur í skapandi greinum</b></li> <li>• Rík hefð og styrkur í sjávarútvegi, málm- og véltækni og landbúnaði þar sem fyrir hendi er mikil þekking, verk- og viðskiptareynsla.</li> <li>• Góð grunnþjónusta og félagsleg samkennd í nærumhverfinu.</li> <li>• Góð aðstaða til alþjóðlegra samgangna, bæði hafnaraðstaða og flugvöllur</li> <li>• Gott og stöðugt vinnuafli</li> <li>• Miðstöð hvalaskoðunar</li> <li>• Nálægð við einstaka náttúru</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði</b></li> <li>• <b>Óviðunandi fjarskipti og netsamband háir atvinnulífi og menntun</b></li> <li>• <b>Flutningskerfi raforku á svæðinu ófullnægjandi</b></li> <li>• <b>Veik sameiginleg stefnumótun fyrir landshlutann</b></li> <li>• <b>Lýðfræðileg samsetning utan Akureyrar</b></li> <li>• Fjarlægð frá stærstu markaðssvæðunum - hár ferða- og flutningskostnaður</li> <li>• Flöskuhálsar í innri samgöngum</li> <li>• Mikil árstíðasveifla í ferðaþjónustu</li> <li>• Misræmi á milli menntunar vinnuafli og eftirspurnar atvinnulífs</li> <li>• Skortur á menntun í ferðaþjónustu</li> <li>• Veikt sveitarstjórnarstig</li> <li>• Áherslur og stefna í menningarmálum henta illa jaðarsvæðum</li> <li>• Ófullnægjandi almenningssamgöngur milli byggðakjarna</li> </ul>
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Skökk samkeppnisskilyrði atvinnulífs s.s. í samgöngum og flutningum</b></li> <li>• <b>Miðstýring ríkisvaldsins og skortur á samráði</b></li> <li>• <b>Hrakandi grunnþjónusta á vegum ríkisins</b></li> <li>• <b>Óvissa um framtíð Reykjavíkurflugvallar og um leið innanlandsflugs</b></li> <li>• Óvissa í rekstrarumhverfi sjávarútvegs vegna mögulegra breytinga á stjórnun fiskveiða</li> <li>• Samþjöppun fyrirtækja og útibúavæðing</li> <li>• Raforkuskortur á tilteknum svæðum</li> <li>• Óljós stefna stjórnvalda í byggðamálum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á norðurlöðum</b></li> <li>• <b>Nýting á Akureyrarflugvelli sem alþjóðaflugvelli.</b></li> <li>• <b>Fjölbreyttir möguleikar á bættri nýtingu fjárfestinga í ferðaþjónustu og menningu með aukinni samvinnu.</b></li> <li>• <b>Háskólinn á Akureyri – aukið námsframboð</b></li> <li>• <b>Frekari nýting orkuauðlinda landshlutans</b></li> <li>• Nálægð við fiskimið ásamt þekkingu og tækifæri til frekari nýtingar á sjávarfangi.</li> <li>• Öflug landbúnaðarsvæði sem geta nýtt sér aukna eftirspurn eftir matvælum með þekktan uppruna.</li> <li>• Fjölgun skipakoma vegna stóriðju opnar nýja möguleika</li> <li>• Vaðlaheiðargöng</li> <li>• Þróun í fjarskiptamálum</li> <li>• Störf án staðsetningar</li> <li>• Vatnajökulspjóðgarður</li> <li>• Aukin hlutdeild í störfum á vegum ríkisins</li> <li>• Aukið samstarf sveitarfélaga</li> </ul>

## Styrkleikar

### Orkuauðlindir og möguleikar tengdir þeim

Miklar orkuauðlindir svæðisins, einkum í Þingeyjarsýslunum, eru augljós styrkleiki enda fjölmargir möguleikar til uppbyggingar tengdir þeim. Þannig er nú þegar farin af stað mikil uppbygging í kringum Þeistareyki annars vegar og Bakka/Húsavík hinsvegar sem mun styrkja landshlutann í heild enn frekar.

### Mikil reynsla í ferðaþjónustu

Norðurland eystra er það svæði sem fær til sín flesta ferðamenn utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands. Þannig hefur byggst upp mikil reynsla í ferðaþjónustu sem skilar sér í öflugum ferðaþjónustusvæði sem hefur til staðar innviði til að taka á móti enn fleiri gestum. Akureyri var nýlega valinn besti áfangastaður í Evrópu af ritstjórn ferðaritsins Lonely Planet sem er mikil viðurkenning á þeirri reynslu og þekkingu á ferðaþjónustu sem býr á svæðinu.

### Gott aðgengi að menntun á öllum skólastigum

Á svæðinu er gott aðgengi að fjölbreyttri menntun á öllum skólastigum, allt frá leikskóla til háskóla. Háskólinn á Akureyri býður upp á fjölbreytt háskólanám og er nú að undirbúa doktorsnám við skólann. Þá er auðvelt er að leggja stund á iðn- og starfsnám innan svæðisins, auk þess sem gott aðgengi er að símenntun.

### Öflugt og fjölbreytt menningarlíf

Öflugt menningarlíf er á svæðinu og er fjölbreytni þar lykilatriði, með allt frá atvinnuleikhúsi og sinfóníuhljómsveit á Akureyri og til margvíslegra áhugamannahópa víðsvegar um svæðið.

### Vöxtur í skapandi greinum

Vöxtur hefur verið í skapandi greinum í víðasta skilningi á svæðinu.

## Veikleikar

### Skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði

Augljós veikleiki svæðisins er skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði. Þessi veikleiki á við útflutningsgreinarnar, en ekki síður um ferðaþjónustuna. Þannig væri æskilegt fyrir sjávarútvegsfyrirtæki í landshlutanum að geta flutt út ferskan fisk með flugi beint á markað erlendis. Þá væri ekki síður æskilegt fyrir landshlutann og raunar landið í heild að opnuð yrði önnur fluggátt inn í landið og hluta ferðamanna beint inn í landið í gegnum Akureyrarflugvöll.

### Óviðunandi fjarskipti og netsamband háir atvinnulífi og menntun

Í nútíma samfélagi er nauðsynlegt að hafa aðgengi að hröðum og öruggum fjarskiptum. Víða í landshlutanum er enn óviðunandi fjarskipta- og netsamband sem hefur áhrif á möguleika til uppbyggingar atvinnulífs og menntunar sem byggja á fjarskiptum, sérstaklega hröðu og öruggu netsambandi.

### Flutningskerfi raforku á svæðinu ófullnægjandi

Víða í landshlutanum er flutningskerfi raforku ófullnægjandi og er takmarkandi fyrir rekstur og uppbyggingu margra fyrirtækja.

### **Veik sameiginleg stefnumótun fyrir landshlutann**

Á fundum sem haldnir hafa verið til undirbúnings sóknaráætlunar hefur mikið verið kallað eftir auknu samstarfi á milli sveitarfélaganna á svæðinu. Einnig hefur verið bent á að stefnumótun fyrir landshlutann í heild sé ekki nægjanlega sterk. Það skýrist að hluta af þeirri tilhneigingu að líta á landshlutann sem tvö aðskilin svæði, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Vænta má aukins samstarfs milli svæðanna tveggja með tilkomu Vaðlaheiðarganga. Þá gæti verið gagnlegt að fara í ítarlegri sameiginlega stefnumótun, til að mynda með gerð svæðisskipulags fyrir landshlutann, ekki síst í ferðapjónustu.

### **Lýðfræðileg samsetning utan Akureyrar**

Aldurssamsetning og kynjaskipting íbúa utan þéttbýlisins á Akureyri er veikleiki en þar einkennist hún af eldri íbúum, fækkun barna og fækkun kvenna.

## Ógnanir

### **Skökk samkeppnisskilyrði atvinnulífs s.s. í samgöngum og flutningum**

Hætt er við að fyrirtæki í landshlutanum muni flytja í burtu eða ákveða að byggja upp annarsstaðar ef ekki verður bætt úr aðgengi atvinnulífs í landshlutanum að beinum samgöngum við útlönd.

### **Miðstýring ríkisvaldsins og skortur á samráði**

Ákvarðanir eru í of miklum mæli teknar einhliða í Reykjavík og án samráðs við stjórnvöld í landshlutanum og án samráðs við íbúa. Áform um sameiningu framhaldsskóla og annarra stofnanna eru gott dæmi um þessa ógn.

### **Hrakandi grunnþjónusta á vegum ríkisins**

Mikill niðurskurður í þjónustu á vegum ríkisins í landshlutanum er mikil ógn. Lokun fæðingarstaða og minna viðhald á vegum eru gott dæmi um hrakandi grunnþjónustu. Sérstaklega er bent á hrakandi heilbrigðisþjónustu, sjúkraflutninga o.fl. á stöðum fjarri stóru þéttbýlistöðunum.

### **Óvissa um framtíð Reykjavíkurflogvallar og um leið innanlandsflugs**

Burt séð frá ólíkum skoðunum á hvort og hvert Reykjavíkurflogvöllur eigi að víkja, þá hefur þessi mikla óvissa verið alltof lengi mikil ógn og gerir það erfitt að skipuleggja samgöngur og þjónustu milli landshluta. Komi til flutnings innanlandsflugs frá borginni þarf að hefja umræðu um uppbyggingu grunnþjónustu um landið til að vega upp á móti skertum samgöngum við Reykjavík.

## Tækifæri

### **Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á norðurslóðum**

Aukinn áhugi er á norðurslóðamálum í heiminum og er ljóst að fjölmörg tækifæri liggja í landfræðilegri legu landshlutans gagnvart starfsemi á norðurslóðum. Tækifærin liggja þó ekki síst í rannsóknum og uppbyggingu þekkingar á málefnum norðurslóða í tengslum við Háskólann á Akureyri. Akureyri er nú þegar miðstöð þekkingar, sérfræðiþjónustu og rannsókna á norðurslóðum á Íslandi og er mikilvægt að halda þeirri uppbyggingu áfram.

### **Nýting á Akureyrarflugvelli sem alþjóðaflugvelli**

Mikil tækifæri liggja í aukinni nýtingu Akureyrarflugvallar fyrir millilandaflug. Það væri ekki einungis tækifæri fyrir landshlutann heldur landið í heild. Þannig myndu ferðamenn dreifast betur um landið og minnka álagið á suðvesturhorni landsins. Betri nýting á fjárfestingu um norðan- og austanvert landið er augljós kostur en sömuleiðis liggja þarna tækifæri í auknum útflutningi á ferskum sjávarafurðum á erlenda markaði.

### **Fjölbreyttir möguleikar á bættri nýtingu fjárfestinga í ferðaþjónustu og menningu með aukinni samvinnu**

Með vaxandi fjölda ferðamanna á svæðinu og lengingu ferðamannatímabilsins opnast ýmis tækifæri til bættrar nýtingar fjárfestinga sem eru til staðar í ferðaþjónustu og menningu.

### **Aukið námsframboð við Háskólinn á Akureyri**

Með auknu framboði ólíkra námsleiða við Háskólann á Akureyri má búast við auknum fjölda nemenda sem flytjast í landshlutann til að nema við skólann. Mikilvægt er að aukning á námsframboði kallist að einhverju leiti á við þarfir landshlutans á menntuðu starfsfólki og þau sóknarfæri sem eru í atvinnulífinu.

### **Frekari nýting orkuauðlinda landshlutans**

Mikilvægt er að nýta enn frekar þær miklu orkuauðlindir sem finnast í landshlutanum. Það þarf þó að gera á sjálfbæran hátt og að virðingu við náttúru landshlutans. Í frekari nýtingu orkuauðlinda landshlutans felst mikil tækifæri til uppbyggingar atvinnulífs, en einnig er uppbygging orkuviðnaðarins á svæðinu áhugavert tækifæri til aukinnar sjálfbærni. Má þar meðal annars horfa til fyrirtækja sem nú hafa byggt upp á Akureyri og eru að búa til eldsneyti úr sorpi.

### **Staða atvinnuþróunar og nýsköpunar**

Mikil breidd er í atvinnulífi á svæðinu hvað varðar atvinnugreinar en segja má að í landshlutanum sé að finna allar þær atvinnugreinar sem á annað borð eru í landinu. Breiddin er einnig mikil þegar kemur að umfangi í starfsemi fyrirtækja bæði hvað varðar veltu og fjölda starfsmanna. Þessi breidd er einn helsti styrkleiki atvinnulífsins í landshlutnaum og skapar forsendur fyrir öflugri atvinnuþróunar- og nýsköpunarstarfi. Um leið er í breiddinni falin áskorun fyrir það kerfi sem byggt er upp í málaflokknum. Það þarf að geta tekist á við þá fjölbreyttu flóru og mismunandi aðstæður sem atvinnulífið á einstökum svæðum í landshlutanum býr við, allt frá hugbúnaðargerð og tæknivæddri stórframleiðslu til einyrkjastarfsemi í dreifbýli.

Sterk staða Akureyrar á landsvísu með fjölpættu atvinnulífi og öflugri þekkingarstarfsemi með Háskólann á Akureyri í broddi fylkingar, er tækifæri sem landshlutinn á umfram ýmsa aðra. Þann styrk þarf að nýta til þess að virkja að fullu þau tækifæri sem m.a. liggja í réttu samspili auðlindanýtingar – landbúnaðar, sjávarútvegs, orkuauðlinda og náttúrunnar – og þess mannauðs sem svæðið hefur að geyma. Með því er unnt að gera landshlutann að samkeppnishæfum valkosti fyrir ungt fólk, bæði til atvinnu og búsetu.

Framundan er stórfelld atvinnuuppbygging á Húsavíkarsvæðinu sem hafa mun veruleg áhrif í landshlutanum öllum. Auk nærsvæðis framkvæmdanna er augljóst að áhrifin verða veruleg á Akureyri og nágrenni vegna sterkrar stöðu ýmissa þjónustugreina þar og styttingar vegalengda með tilkomu



Vaðlaheiðarganga. Með tilkomu öflugs útflutningsiðnaðar er sterkari stoðum skotið undir beinar samgöngu- og flutningsleiðir frá landshlutanum beint á erlenda markaði. Í því liggja veruleg tækifæri, bæði fyrir núverandi framleiðslustarfsemi, en einnig skapar þetta nýrri starfsemi betri aðstæður en ella væru til staðar. Hins vegar má einnig gera ráð fyrir einhverjum ruðningsáhrifum og að uppbyggingin geti dregið til sín fólk af jaðarsvæðum landshlutans. Því er mikilvægt að jafnhliða verði hugað að mögulegum aðgerðum til að styrkja stöðu atvinnulífs og þjónustu á þeim svæðum.

### Staða ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra

Ferðaþjónusta hefur vaxið mikið undanfarin ár á Norðurlandi eystra. Þar eru til staðar sterkar grunnstoðir til að byggja ferðaþjónustu á, sem þó er hægt að nýta enn frekar. Einstakar náttúruperlur, fjölbreytt fuglalíf og Akureyri sem sterkur þjónustukjarni svæðisins eru meðal þessara stoða. Fjölbreytt menningarlíf er mikið aðdráttarafl sem og afslappað umhverfi.

Fjölbreytni í ferðaþjónustu er einnig orðin mikil í landshlutanum og er sífellt að vaxa. Sem dæmi má nefna skíðasvæðin og þá fjölmörgu möguleika á vetrarafþreyingu sem hefur verið að byggjast upp undanfarin ár, miðstöð hvalaskoðunar á Húsavík, fuglastíg á Norðausturlandi sem verið er að þróa víðar, úrval skipulagðra ferða til náttúruskoðunar og menningarupplifunar o.s.frv. Við þetta styður svo sífellt aukið og fjölbreyttara úrval af gistingualeikum og veitingastöðum.

Hér er margt til að byggja á og mikil reynsla komin á þjónustu við ferðamenn af ýmsu tagi. Það sem helst stendur greininni fyrir þrifum er hversu árstíðabundin starfsemin er. Enn er það svo á Norðausturlandi að nýting er mjög góð yfir hásumarið, en mun lakari yfir vetrarmánuðina. Nýting á svæðinu austan Jökulsár er reyndar ónóg allt árið. Það þýðir að mikil vannýting er á fjárfestingum í greininni sem stendur svo í vegi fyrir frekari uppbyggingu til framtíðar. Einnig hefur það þau áhrif að hlutfall heilsársstarfa í ferðaþjónustu er tiltölulega lágt sem aftur hefur áhrif á menntunarstig í greininni og möguleika til nýsköpunar.

Til þess að bæta úr þessu þarf að bæta samgöngur og aðgengi að ferðamannastöðum. Í fyrsta lagi þarf að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll til þess að auðvelda ferðamönnum aðgengi að landshlutanum – allt árið um kring. Í öðru lagi þarf að bæta samgöngur innan svæðisins. Greiðar vegasamgöngur eru forsendur þess að dreifa ferðamönnum um allt svæðið og nýta þannig fjárfestingu í greininni sem best. Í þriðja lagi þarf að setja fjármagn í uppbyggingu og/eða viðhald á stígum, merkingum og annarri aðstöðu við fjölsóttu ferðamannastaði svo þeir megi áfram verða gestum okkar til ánægju og okkur til sóma.

Annað afar mikilvægt verkefni ferðaþjónustu í landshlutanum er aukið samstarf í greininni, ekki síst í sameiginlegri markaðssetningu á svæðinu. Sameiginleg markaðssetning tryggir besta nýtingu fjármagns og mestan slagkraft. Því þarf að tryggja fjármuni til áframhaldandi markaðsstarfs og vörupróunar í ferðaþjónustu. Verkefni eins og Ski Iceland, Birding Iceland og Matur-Inn eru dæmi um vel heppnaða vörupróun í greininni og halda þarf áfram á þeirri braut.

### Staða menningar

Á Norðurlandi eystra er menningarstarf öflugt, bæði ef litið er til faglegs starfs sem og áhugamenningar. Metnaður er einkennandi og fjölmargir menningarviðburðir og menningarhátíðir eru á svæðinu. Einnig er fjöldi safna, setra og sýninga sem sum hver hafa hlotið viðurkenningar hérlandis og erlendis. Þrjár stofnanir á Akureyri eru reknar með samningi milli Akureyrarbæjar og ríkisins,

Leikfélag Akureyrar, Listasafnið á Akureyri og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Grunngerð á svæðinu er sterk og býður upp á að Norðurland eystra verði leiðandi í menningar- og listalífi. Í mannauð og grunngerð svæðisins felast þó enn frekari tækifæri til framtíðar.

Í úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2009-13 (Capacent 2013) kemur fram að á svæðinu hefur náðst árangur í nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningarferðaþjónustu. Einnig hefur samningurinn leitt til nýrra starfa og verkefni hafa náð að þróa í það að verða varanleg. Þó er alltaf hægt að gera betur sér í lagi í fámennari samfélögum og auka á fjölbreytni og atvinnusköpun með samvinnu m.a. sveitarfélaga, starfandi listamanna, áhugafólks og stoðkerfis.

Ef litið er á grunngerð og mannauð á svæðinu þá liggur styrkleikinn víða í samvinnu atvinnulistafólks og áhugafólks. Á sviði leiklistar þá er eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins, Leikfélag Akureyrar (LA), staðsett á Akureyri. Í tengslum við LA er rekinn öflugur leiklistarskóli, sá eini á landinu sem tengdur er starfsemi atvinnuleikhúss. Auk þess eru 13 áhugaleikfélög sem mörg hver eru mjög öflug og setja reglulega upp sýningar. Sum þeirra setja upp nokkrar sýningar á ári og hafa allnokkrar þeirra hlotið mikla athygli og viðurkenningar. Á síðustu árum hefur færst í vöxt að áhugaleikfélögin láti skrifa fyrir sig leikverk sem oftast en ekki byggja á sögu og sérstöðu svæðisins. Tónlist á svæðinu blómstrar, rúmlega 60 kórar og tónlistarhópar eru starfandi og eru um 1400 einstaklingar sem standa að baki starfsemi þeirra. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er staðsett á Akureyri og tónlistarmenn búsettir á svæðinu og víðar að spila með sveitinni. Vel menntaðir tónlistarmenn eru fjölmargir og flestir þeirra vinna einnig við kennslu í tónlistarskólum á svæðinu.

Sjónlistir eru áberandi á Norðurlandi eystra, sér í lagi í Eyjafirði. Öflugar stofnanir s.s. Listasafnið á Akureyri og minni staðir þar sem sjónlistir skipa stóran sess eru áberandi. Mörg þeirra eru rekin af listafólki s.s. Verksmiðjan á Hjalteyri, Alpýðuhúsið á Siglufirði, Kaktus á Akureyri og Fjúk Art Center á Húsavík. Myndlistarfélag er á svæðinu og eru yfir 80 félagsmenn skráðir í félagið. Vinnustofur listamanna eru fjölmargar og eru yfir 60 skráðar í gagnagrunn menningarráðs. Á svæðinu eru 10 gestavinnustofur fyrir lista- og fræðifólk (Art and Scholar residency) og geta rúmlega 30 listamenn dvalið á slíkum vinnustofum í hverjum mánuði. Í undirbúningi er að opna fleiri gestavinnustofur á svæðinu.

Safnastarf á svæðinu er öflugt, um 40 söfn, setur, sýningar og stofur eru á svæðinu. Átta þeirra hafa hlotið viðurkenningu safnasjóðs. Safnaflóran er mjög fjölbreytt og starfsemin til fyrirmyndar undir forystu þeirra safna sem hafa hlotið viðurkenningu safnasjóðs. Mikilvægt er að sveitarfélögin á svæðinu setji sér sameiginlega stefnu í safnamálum sem felur í sér áherslur varðandi uppbyggingu, skipulag og þróun safnamála á svæðinu.

Handverkshefð á svæðinu er sterk. Rúmlega 20 handverkshópar og handverkshús eru starfandi á Norðurlandi eystra. Handverkshópar líkt og Laufáshópurinn, Handraðinn og Þingeyskt og Þjóðlegt hafa vakið athygli fyrir öflugt og metnaðarfullt starf sem byggir á sérstöðu. Ein stærsta handverkssýning á landinu, Handverkshátíðin á Hrafnagili, er haldin árlega í Eyjafjarðarsveit. Þar kemur saman handverksfólk af öllu landinu og styður það við handverkshefð á svæðinu.

Yfir 50 önnur menningarfélög eru á Norðurlandi eystra. Þau félög eru áhugafélög og vinna að öflugum menningarstarfi sem setur svip sinn á svæðið. Þetta eru t.d. rímnafélög, þjóðdansahópar, jassklúbbar, ljóðafélög, tónlistarfélög, myndlistarfélög, sögufélög, ljósmyndaklúbbar og fl. slík félagasamtök. Þessi félög eru hverju samfélagi mikilvæg og eiga sinn þátt í sterkum félagsauði á svæðinu. Mikilvægt er að hlúa að sjálfbærliðastarfi í menningu og hvetja áfram til góðra verka samfélaginu til hagsbóta.

Menningarhátíðir/dagskrár sem eru rúmlega 30 á svæðinu. Þá er átt við hátíðir sem hafa fest sig í sessi og eru haldnar reglulega. Um 14 aðrar hátíðir eru á svæðinu þar sem menning og listir skipa veglegan

sess. Ef skoðuð er dreifing þessara hátíða á svæðinu eru þær flestar í Eyjafirði, tækifæri gætu verið til að þróa og efla þessar hátíðir sem og fjölga menningarhátíðum í Þingeyjarsýslu.

Ef litið er til menntunar á sviði lista þá eru 12 tónlistarskólar á svæðinu, þrjár dansskólar, einn leiklistarskóli og 4 skólar sem kenna sjónlistir. Þrjár framhaldsskólar bjóða upp á listnámsbrautir. Tónlistarskólar eru í öllum sveitarfélögum en aðrir sérskólar eru í Eyjafirði.

Aðstaða fyrir menningarstarf er víðast á svæðinu góð. Á síðustu árum hafa tvö ný menningarhús verið tekin í notkun, á Akureyri og Dalvík, auk þess eru Menningarhúsið Tjarnarborg Ólafsfirði og Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík skilgreind sem menningarhús. Yfir 50 önnur rými eru víðsvegar um svæðið sem eru nýtt til ýmskonar menningarstarfs s.s. tónleika- og sýningarhalds hverskonar. Mörg þeirra eru vannýtt og má því leiða líkum að því að tækifæri felist í vannýttu húsnæði til menningarstarfs.

Að ofansögðu er ljóst að grunngerð og mannauður menningar er sterkur á svæðinu, þá sér í lagi í Eyjafirði. Í Þingeyjarsýslum er þó sterk áhugamenning sem byggir á ómældu sjálfböðastarfi og öflugu starfi m.a. undir merkjum Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Auk þess hefur starfandi listafólki verið að fjölga í Þingeyjarsýslum. Þörf fyrir fjármagn í málaflokkinn er þó mikil og rekstur setra, sýninga og menningarverkefna er þröngur stakkur sniðinn sem veldur því að nýsköpun og þróun innan málaflokksins er nokkuð erfið.

Menntun á sviði lista er víða nokkuð fjölbreytt og góð en tryggja þarf öllu svæðinu aðgengi að metnaðarfullri og faglegru menntun á sviði lista og menningar, hvort sem er í námskeiðsformi, innan grunnskóla eða til framhaldsnáms.

Tryggja þarf fjármagn í málaflokkinn til að hægt sé að standa að því öfluga starfi sem þegar er til staðar, auka samvinnu innan svæðisins og út fyrir svæðið sem og landið. Greina þarf möguleika innan svæðisins og bæta það sem betur má fara og styrkja ákveðinn hluta svæðisins enn frekar.


### Staða mannauðs og lýðfræðileg þróun

Í landshlutanum er víðast gott aðgengi að öllum skólastigum allt frá leikskóla til háskóla.

Samkvæmt stöðugreiningu Bygðastofnunar fyrir Norðurland eystra (2015,) þá er samsetning vinnuafis á Norðurlandi eystra þegar kemur að menntunarstigi nokkuð frábrugðið landsmeðal-tali. Hlutfall þeirra sem hafa einungis lokið prófi úr grunnskóla, eru með starfsnám úr framhaldsskóla, eða minni menntun, er hærra en landsmeðaltalið. Þá er hlutfall karla með iðnmenntun og kvenna með stúdentspróf hærra en landsmeðaltalið. Hlutfall þeirra sem hafa lokið einhverskonar háskólaprófi hins vegar undir landsmeðaltali (sjá mynd 1). Þessa stöðu þarf að styrkja og auka breiddina í námsframboði á sviði verk- og tæknigreina eftir því sem atvinnulífið kallar á. Stöðugreiningar


**Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

Heimild: Capacent



**Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

Heimild: Capacent




Mynd 1 - hlutfallsleg skipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun. Mynd úr stöðugreiningu Bygðastofnunar fyrir Norðurland eystra (2015).

Byggðastofnunar má finna á slóðinni: [www.byggdastofnun.is/is/verkefni/stodugreiningar-landshluta](http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/stodugreiningar-landshluta).

Á Norðurlandi eystra eru sex skólar sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi; Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Myndlistaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Tvær stofnanir starfa í landshlutanum og halda utan um símenntun og fullorðinsfræðslu, auk annarrar námsþjónustu; Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) og Þekkingarnet Þingeyinga. Þá eru starfandi fjölmargir leikskólar og grunnskólar á vegum sveitarfélaganna á svæðinu. Gott aðgengi er að háskólanámi í landshlutanum, einkum í gegnum Háskólann á Akureyri. Í Háskólanum á Akureyri er boðið upp á fjölbreytt nám og er verið að bæta í á þessu ári með nýrri tölvunarfræðideild og umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við skólann. Háskólinn á Akureyri er jafnframt með gott framboð á fjarnámi sem gerir nemendum um allt land kleift að stunda nám við skólann. Mikilvægt er að standa vörð um þá megin skipan að tryggja sem flestum aðgengi að námi á framhaldsskólastigi í heimabyggð. Með því er bæði stuðlað að jafnrétti til náms en einnig er slíkt aðgengi lykilatriði í því að stuðla framtíðar vexti og viðgangi byggðar sem víðast um landið.

Hlutfallslegt atvinnuleysi á Norðurlandi eystra í maí 2015 var undir landsmeðaltali, eða 2,8% samanborið við 2,9% á landinu öllu samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun (2015). Það hlutfall er nokkru lægra heldur en hefur verið síðustu ár og hefur í raun ekki mælst lægra í maí frá því árið 2008.



Mynd 2 - Hlutfall íbúa á Norðurlandi eystra af þjóðinni.  
Heimild: [www.hagstofan.is](http://www.hagstofan.is).

Þann 1. janúar 2015 bjuggu 29.257 íbúi á Norðurlandi eystra. Íbúum hafði þá fjölgað um 166 frá fyrra ári. Þrátt fyrir að íbúum fjölgi í landshlutanum hefur hlutur Norðurlands eystra af þjóðinni þó minnkað nokkuð eins og sjá má á **mynd 2**.

Lýðfræðileg samsetning landshlutans í heild er nokkuð nærri samsetningunni á landsvísu, en innan landshlutans er allmikill breytileiki. Í megin atriðum má segja að utan þéttbýlissvæðis Akureyrar beri samsetningin hefðbundin, en mismikil, merki samfélaga sem hafa þurft að takast á við viðvarandi fólksfækkun. Þannig eru kynjahlutföll skökk, þar sem karlar eru yfirleitt í meirihluta og meðalaldur íbúa yfir landsmeðaltali. Á því eru þó sem betur fer undantekningar.

## Stefna og megináherslur

Á samráðsfundum um sóknaráætlun voru þátttakendur beðnir um að nefna eitt einstakt atriði sem þau töldu vera mesta hagsmunamál landshlutans í heild. Jafnframt komu þessi helstu hagsmunamál mjög sterkt fram í umræðum um ólíka málaflokka. Einn punktur kom fram á öllum fundunum og stóð áberandi framur öðrum en það var millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Tveir aðrir þættir voru einnig mikið nefndir; fjarskipti og ljósleiðaratengingar og dreifikerfi raforku. Þessir þrjú þættir eru allir í samræmi við þingsályktun nr. 21/143 um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017. Á samráðsfundunum var sérstaklega fjallað var um hvern og einn málaflokk sóknaráætlunar sem getið er um í inngangi. Hér á eftir eru dregnar fram megináherslur sem fram komu í hverjum þeirra.

## Stærstu hagsmunamál landshlutans í heild

1. **Millilandaflug um Akureyrarflugvöll**
2. Fjarskipti – ljósleiðari
3. Dreifikerfi raforku

### Menntun og mannauður

1. Mikilvægt er að auka efla tengingu milli menntunar og atvinnlífs þannig að framboð menntunar taki mið af atvinnumöguleikum og stuðli að nýjum tækifærum. Efla skal samstarf milli menntastofnanna og atvinnulífs til að stuðla að hagnýtingu rannsókna í atvinnulífinu og aukinni virkni fyrirtækja í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Þetta er í samræmi við markmið í stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs.
2. Leita skal leiða til að auka framboð starfa sem höfða til ungs fólks og kvenna.
3. Auka þarf framboð og kynningu á tæknigreinum og iðngreinum og fjölga útskrifuðum nemendum úr sömu greinum. Er þetta markmið í samræmi við markmið stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs.
4. Stuðlað verði að því að börn geti stundað nám heima a.m.k. til 18 ára aldurs.

### Atvinnuþróun og nýsköpun

1. Áhersla verði á að kynna atvinnumöguleika í landshlutanum fyrir ungu fólk.
2. Áfram verði unnið að því að hlúa að nýsköpunarumhverfinu og hvetja til frumkvöðlastarfs með góðu aðgengi að ráðgjöf og kynningu á styrkjamöguleikum.
3. Stuðlað verði að fjölbreyttara atvinnulífi, meðal annars með stofnun hugbúnaðarklasa.
4. Hvatt verði sérstaklega til nýsköpunar í matvælaframleiðslu, meðal annars með stuðningi við matarhátíðir.

### Ferðaþjónustan

1. Kortleggja þarf auðlindir í ferðaþjónustu og þörf fyrir uppbyggingu ferðamannastaða (þ.m.t. merkingar, gönguleiðir o.fl.) og forgangsraða verkefnum.
2. Enn meiri kraftur verði settur í markaðsstarf landshlutans og aukin áhersla verði á samvinnu sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila í landshlutanum.
3. Áhersla verði lögð á að fá aukið fjármagn til að ljúka Dettifossvegi. Sú áhersla er í samræmi við þingsályktun nr. 21/143 um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017

### Menning

1. Unnið verði að því að auka fjármagn og stuðning við menningarverkefni í landshlutanum
2. Horft verði í auknum mæli til hönnunar til atvinnusköpunar og í þeim tilgangi verði settur á fót hönnunarklasi.

Á fundunum var að auki fjallað um innviði landshlutans og grunnþjónustu. Óhjákvæmilega er þetta órjúfanlegur hluti umfjöllunar um búsetukosti og samkeppnishæfni svæða. Margt af því sem þar kom fram tengist um leið áherslum sem fram komu í umfjöllun um aðra málaflokka. Sem vænta mátti voru samgöngumál og heilbrigðismál ofarlega í hugum fólks. Þess ber einnig að geta að þrátt fyrir mikinn samhljóm um heildarhagsmuni landshlutans þá komu einnig fram staðbundnar eða svæðisbundnar áherslur. Ekki síst komu fram ábendingar um tiltekin verkefni. Öllum þessum upplýsingum er haldið til haga og nýtast með ýmsum hætti þó þær komi ekki til umfjöllunar hér.

## Markmið og aðgerðir

### Menningarmál

#### Meginmarkmið

- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista með áherslu á fjölgun starfandi listamanna.
- Lögð verði áhersla að skapa grundvöll að starfstækifærum á svæðinu fyrir ungt fólk með menntun í menningu og listum, til lengri eða skemmri tíma.
- Unnið verði að eflingu hönnunar og skapandi greina á svæðinu m.a. í samvinnu við stoðstofnanir.
- Stuðla að fjölbreyttu menningarlífi á öllum svæðinu með það að markmiði að auka lífsgæði íbúa.

#### Undirmarkmið

- Auka samstarf aðila á svæðinu um stærra svæðisbundin menningarverkefni sem falla að leiðarljósum sóknaráætlunar.
- Hvetja skal til aukins innlands og alþjóðlegs samstarf á öllum sviðum menningar og lista.
- Auka aðgengi allra íbúa svæðisins að fjölbreyttum menningarviðburðum.
- Stafræn tækni verði nýtt til að miðla menningu og styrkja tengsl.
- Komið verði upp vettvangi hönnunar á svæðinu.
- Efla menningarlæsi og með því stuðla að aukinni þátttöku íbúa í menningarstarfi bæði þeirra sem skapa og þeirra sem njóta.
- Auka samstarf við ríkisvaldið um eflingu barnamenningar á svæðinu með tilliti til aðgerðaráætlunar um menningu barna og ungmenna 2014-2017 sem byggir á menningarstefnu íslenska ríkisins.

#### Árangursmat/mælikvarðar

- Hönnunarvettvangur verði komin upp á svæðinu í lok áætlunar
- Fjöldi samstarfsverkefna innlendra og erlendra
- Aukið alþjóðlegt samstarf
- Samstarfi við ríkið komið á varðandi menningu barna í tengslum við aðgerðaráætlun um menningu barna og ungmenna.

### Atvinna og nýsköpun

#### Meginmarkmið

- Byggð verði upp þekking og möguleikar til fjarvinnu og fjarþjónustu. Í lok tímabilsins verði fólk á þessu svæði meðvitað um möguleikana á því að stunda atvinnu hvar sem er í heiminum, þó það búi á Norðurlandi eystra. Jafnframt verði lögð áhersla á að fjölga störfum á vegum ríkisins á svæðinu sem ekki eru háð staðsetningu.
- Hlutur skapandi greina í atvinnustarfsemi svæðisins verði aukinn verulega.
- Fjárfestar sjái þetta svæði sem áhugavert svæði til fjárfestinga.
- Unnin verði kortlagning í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu á möguleikum þeirra til að auka við starfsemi sína á nýjum sviðum eða með nýjum afurðum, þar á meðal hjá matvælafyrirtækjum og í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

## Undirmarkmið verkefnis

- Efnt verði til samstarfsvettvangs þeirra hugbúnaðarfyrirtækja sem nú þegar starfa á svæðinu um aukna þátttöku og uppbyggingu á stafræna hagkerfinu.
- Áhersla verði á uppbyggingu og eflingu fjarskiptainnvíða á svæðinu sem hafa áhrif á möguleika íbúa til fjarvinnu og -þjónustu.
- Fjölga opinberum störfum í landshlutanum sem eru skilgreind án staðsetningar.
- Unnin verði greining á möguleikum og tækifærum í tengslum við uppbyggingu á fjarvinnu- og þjónustu á svæðinu með fjölbreytta þekkingu. Í kjölfarið verði niðurstöðurnar kynntar og svæðið markaðssett sérstaklega með slík störf í huga.
- Unnið verði með Háskólanum á Akureyri að því að kortleggja verkefnahugmyndir sem kunna að vera til hjá starfsfólki skólans og kannað með hvaða hætti megi koma þeim í framkvæmd með fyrirtækjum á svæðinu.
- Farið verði í kynningarátak á svæðinu sem áhugaverðan fjárfestingakost og góðri staðsetningu fyrir fyrirtæki. Sérstaklega verði litið til þess að nýta betur fjárfestingar sem þegar hafa verið gerðar á svæðinu til að laða að ný fyrirtæki.
- Í lok tímabilsins verði stjórnendur fyrirtækja á svæðinu meðvitaðir um möguleika á stækkun markaðssvæðis út fyrir landshlutann eða landið eftir atvikum.
- Innan tímabilsins verði upplýsingum um arðsemi fyrirtækja á svæðinu komið á framfæri og kostum þess að fjárfesta í fyrirtækjum og verkefnum á svæðinu. Þannig verði markaðssetning árangurs á svæðinu nýtt til að breyta ímyndinni.
- Gerð verði greining á möguleikum og tækifærum starfandi fyrirtækja á svæðinu á nýjum verkefnum eða viðbótarsviðum. Í lok tímabilsins liggja fyrir yfirlit yfir möguleika og tækifæri þeirra.
- Greind verði þau tækifæri sem gætu skapast hjá frumkvöðlum í skapandi greinum og hvernig hægt er að gera þá enn öflugri í atvinnurekstri.
- Kynntir verði möguleikar á stækkun markaðssvæðis út fyrir landssteinanna fyrir stjórnendum og eigendum fyrirtækja á svæðinu. Búið yrði til verkefni þar sem fyrirtækin fengju tækifæri til að láta á það reyna að flytja út vöru og þjónustu.
- Unnið verði markvisst að því að auka nýtingu orkuauðlinda svæðisins með fjölnýtingu þar sem áhersla verði á að nýta þá fjölmörgu orku- og hráefnisstarauma sem til verða við frumnýtinguna.
- Ýtt verði undir sjálfbærni svæðisins í orkumálum, bæði með fjölnýtingu og endurnýtingu.

## Árangursmat/ mælikvarðar

- Greiningum sem upp eru taldar verði lokið, niðurstöður kynntar og verkefni hafin.
- Fjölgun starfa í hugbúnaðargerð.
- Komin verði ákveðin skilgreining á flutningsgetu netkerfis innan svæðis.
- Störfum á vegum ríkisins „án staðsetningar“ hafi fjölgað.
- Ákveðinn fjöldi verkefnishugmynda (a.m.k. þrjú) frá HA verði kominn í framkvæmd.
- Fræðslu- og kynningarátaki um markaðssetningu erlendis lokið. Tilraunaverkefni í útflutningi farið af stað.
- Aukinn útflutningur á vörum frá svæðinu.
- Fjölgun fyrirtækja sem nýta sér orkuauðlindir svæðisins á fjölbreyttan hátt.
- Aukin sjálfbærni svæðisins í orkumálum og lægra kolefnisspor.

## Ferðapjónusta

### Meginmarkmið

- Koma á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll til lengri tíma.
- Efla samstarf í ferðapjónustu um markaðssetningu á Norðurlandi

### Undirmerkmíð verkefnis

- Fjölga erlendum ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvalartíma þeirra.
- Bæta dreifingu ferðamanna um landið með því að opna tækifæri fyrir þá að fljúga beint á Norðurland.
- Bæta möguleika fólks á Norðurlandi til beinna erlendra flugsamgangna af svæðinu.
- Vinna með viðeigandi aðilum að uppbyggingu innviða í landshlutanum sem snúa að ferðapjónustu, þ.á.m. samgöngum og aðgengi að náttúruperlum.
- Styðja við og hvetja til vörubróunar og nýsköpunar í ferðapjónustu á svæðinu.
- Standa fyrir og/eða taka þátt í fræðslu/námskeiðum sem nýtast greininni.
- Gera framtíðaráætlun um sameiginlega markaðssetningu fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi.
- Útbúa kynningarefni byggt á þeirri áætlun.

### Árangursmat/ mælikvarðar

- Fjöldi farþega í millilandaflugi.
- Fjöldi gistinátta á Norðurlandi.
- Hlutdeild Norðurlands í heimsóknum erlendra ferðamanna.
- Fjöldi kynnisferða blaðamanna og ferðaskrifstofa á Norðurlandi.
- Fjöldi flugfélaga sem náðst hafa viðræður við.
- Fjöldi flugfélaga sem hafa sent fulltrúa til Akureyrar vegna mögulegs millilandaflugs.
- Samgöngubætur innan svæðisins.
- Úrbætur á fjölförnum ferðamannastöðum.
- Fjöldi nýrra vara í ferðapjónustu á Norðurlandi.
- Fjöldi námskeiða/menntunarkosta fyrir fólk í ferðapjónustu.
- Að til sé áætlun um sameiginlega markaðssetningu ferðapjónustu á Norðurlandi til framtíðar.
- Útgáfa kynningarefnis.

## Menntun og mannauður

### Meginmarkmið

- Að auka fjölbreytileika í námsframboði á háskóla- og framhaldsskólastigi.
- Að skapa unglíngum aðgengi að framhaldsskólanámi í eða úr heimabyggð.
- Mæta þörfum atvinnulífsins fyrir sí- og endurmenntun og tryggja fullorðnum gott aðgengi að henni.
- Að skapa samfélag og lífsviðurværi sem höfða til ungs fólks.



## Undirmarkmið

- Að gera greiningu á menntunarpörf og tækifærum eftir starfssviðum og greinum.
- Að vinna að því að koma á fót fleiri námsbrautum við HA.
- Að vinna að því að efla og kynna iðn- og tækninám.
- Að gera átak í kynningu í grunnskólum á atvinnumöguleikum fyrir ungt fólk.
- Að efla þjónustuna í námsverum þeirra byggðarlaga, sem eru án framhaldsskóla.
- Að auka samstarf atvinnulífs og menntastofnana á svæðinu.
- Að skipulögð verði námskeið í nýsköpunarfræðum.
- Að skipulögð verði sérhæfð námskeið fyrir ákveðnar greinar atvinnulífsins og sniðin að þeirra þörfum m.t.t. tímasetningar, lengdar og innihalds.

## Árangursmat/ mælikvarðar

- Niðurstöður greiningar á menntunarpörf og tækifærum eftir starfssviðum og greinum.
- Fleiri námsbrautir við HA
- Að fyrirtæki í iðn- og tæknigreinum hafi komið til samstarfs við skólana um kynningu á störfum innan fyrirtækjanna og nútímastarfsumhverfi fólks með iðnmenntun.
- Sveitarfélögin bjóði hópi sumarstarfsfólks/vinnuskólakrakka upp á starfskynningar í samstarfi við stéttarfélögin og framhaldsskólana á svæðinu.
- Boðið verði upp á mannaða þjónustu í námsverum starfssvæðisins á ákveðnum tímum.
- Reglulegir fundir (tvisvar á ári) fulltrúa atvinnulífs og menntastofnana til þess að skipuleggja samstarf og tilgreina áherslur hvers starfsárs.
- Framboð námskeiða í nýsköpunarfræðum.

## Lokaorð

Sú sóknaráætlun sem hér er kynnt tekur mið af þeim efnisflokkum sem kveðið er á um í samningi um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 – 2019. Mikill efniviður frá fjórum opnum samráðsfundum í landshlutanum var lagður til grundvallar. Framundan er að útfæra nánar leiðir og verkefni til að ná þeim markmiðum sem fram eru sett. Í haust er áformað að kalla til sérstaks samráðsfundar til að leggja nánari línur um þær leiðir og mat á árangri.

Akureyri 1. júlí 2015

